

## Reglur fyrir félög í samkomusal Hallveigarstaða.

Samkomusalur Hallveigarstaða rýmir 80 – 90 gesti í sæti og allt að 110 í standandi boði.

Kvenfélög á vegum Bandalagi kvenna í Reykjavík, Kvenfélagasambandi Íslands eða Kvenréttindafélagi Íslands hafa aðgang að samkomusal Hallveigarstaða til þess að halda fundi sína.

Félögin bera ábyrgð á því að vel sé gengið um salinn og á skemmdum sem kunna að verða á húsnæði og munum Hallveigarstaða af völdum gesta þeirra á því tímabili er þau hafa húsnæðið til umráða. Félögin bera ábyrgð á því að ganga frá í salnum og eldhúsi að fundi loknum og skilja við eins og þau komu að.

Lyfta er í húsinu fyrir fólk með skerta hreyfigetu. Þeir sem að fundinum standa bera ábyrgð á því að kynna sér lyftu og annan tækjabúnað í húsinu áður en fundur er haldinn. Ef eitthvað kemur upp á varðandi lyftu, nettengingu, myndvarpa, hljóðkerfi eða eldhústæki á meðan fundi stendur, er hægt að leita til húsvarðar í húsinu, Selmu Hreggviðsdóttur í síma 868-0455.

Til að bóka fundi, hafið samband við framkvæmdastýru hússins í netfang [hallveigarstadir@gmail.com](mailto:hallveigarstadir@gmail.com).

- **Sala á áfengum veitingum er ekki heimiluð í veislusal án viðhlítandi leyfis leigutaka** sem sótt er um hjá Sýslumanninum í Reykjavík. Allar veitingar eru á ábyrgð leigutaka.
- Útleiga á sal er heimil mánudaga - fimmtudaga til kl. 23:00, sunnudaga til kl. 23:30 og föstudaga og laugardaga til kl. 01 eftir miðnætti. Gæta skal þess sérstaklega að hávaði berist ekki úr sal eða frá anddyri til nágretta Hallveigarstaða.
- Ekki er heimilt að nota límband, kennaratyggjó eða álíka á gólf, vegg eða loft í salnum, hægt er að nota þar til gerðar línur til að hengja upp myndir eða skilaboð.
- Reykingar eru einungis leyfðar fyrir utan útidyr Hallveigarstaða. Stubbahús er á vegg við útidyrnar.
- Húsbúnað og aðra muni sem tilheyra eldhúsi og sal er óheimilt að fjarlægja eða fá að láni, þeir tilheyra Hallveigarstöðum og eiga ekki að fara út fyrir veislusalinn.

Vinsamlegast gangið snyrtilega um húsið.

7. mars 2018.

Stjórn Kvennaheimilisins Hallveigarstaða